

**30. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn með fjarfundarbúnaði ZOOM
mánudaginn 19. ágúst 2020 klukkan 8:30.**

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Karl Ölvisson sem varamaður Guðmundar Gíslasonar og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fyrirkomulag funda hreppsnefndar verði fjarfundur, þar sem búnaður ZOOM verði notaður. Vegna þessara sérstöku aðstæðna í þjóðfélaginu, sem orsakast af COVID-19, þá nýtir hreppsnefnd Ásahrepps sér heimild sem auglýst hefur verið af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þann 11. ágúst 2020. Byggir þessi heimild á samþykktu VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem verður í gildi til 10. nóvember 2020.

Þetta fyrirkomulag verði viðhaft á fundum hreppsnefndar svo og annarra fastanefnda Ásahrepps meðan þetta ástand varir og lagaheimildir leyfa. Staðfesting fundargerðar verði framkvæmd með Singnet.is í lok hvers fundar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir enn fremur að heimilað verði að nýta fjarfundabúnað á fundum nefnda, ráða eða stjórna skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps.

Karl Ölvisson var á fundinum á skrifstofu Ásahrepps ásamt sveitarstjóra. Hann mun mun staðfesta fundargerð með undirritun sinni.

Oddviti lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu, að inn komi einn nýr dagskrárliður nr. 2.5. Tillagan samþykkt samhljóða.

1. Kynning starfsmanna UTU.

Jóhannes Hr. Símonarson, skrifstofustjóri, Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi og Davíð Sigurðsson, byggjarfulltrúi, hjá byggðasamlaginu UTU mættu á fund hreppsnefndar undir þessum dagskrárlið og kynnu sig og starfsemi UTU.

2. Fundargerðir til samþykktar:

2.1. 198. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-123. Mál nr. 15; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-123 – 2006002F. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní 2020 lagðar fram til kynningar.

2.2. 199. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-124. Mál nr. 28; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-124 – 2006004F. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júlí 2020 lagðar fram til kynningar.

2.3. 77. fundur stjórnar byggðasamlags UTU ásamt ársreikningi UTU 2019. Ársreikningur byggðasamlagsins UTU fyrir rekstrarárið 2019 lagður fram. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða framlagðan ársreikning fyrir sitt leyti.

2.4. 17. fundur stjórnar Bergrisans. 4. dagskrárliður til staðfestingar. Lagðar fram verklagsreglur um stuðningsfjölskyldur og reglur um NPA. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagðar reglur fyrir sitt leyti.

- 2.5. Fundur fjallskiladeildar Holtamannafréttar, haldinn 17. ágúst 2020.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða fundargerð fyrir sitt leyti, þó er veitt heimild fyrir að flýta réttum í Þóristungum um eina viku ef samkomulag verður um það milli leitarstjóra og formanns fjallskiladeildar Holtamannafréttar.
- 3. Fundargerðir til kynningar:**
- 3.1. Fundargerðir kjörstjórnar Ásahrepps, 12. júní, 18. júní og 25. júní 2020.
 - 3.2. 77. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
 - 3.3. 294. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
 - 3.4. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, dags. 30. júní 2020.
 - 3.5. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, dags. 7. júlí 2020.
 - 3.6. 18. fundur stjórnar Bergrisans bs.
 - 3.7. 19. fundur stjórnar Bergrisans bs..
 - 3.8. Minnisblað frá samráðsfjarfundi SASS, dags. 26. júní 2020.
 - 3.9. 559. fundur stjórnar SASS.
 - 3.10. 885. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 4. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps.**
Rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps lagt fram til kynningar.
- 5. Skipulagsmál:**
- 5.1. Matslýsing fyrir breytingu aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
Vindorkugarður á Skáldabúðum.
Lögð fram skipulags- og matslýsingu fyrir vindorkugarð á Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, dags. 24. apríl 2020.
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlagða skipulags- og matslýsingu.
 - 5.2. Vegtenging fyrir Nes 1, 2 og 3, Framnesi L165278.
Lagt fram tölvuskeyti frá skipulagsfulltrúa þar sem greint er frá umsögn Vegagerðarinnar vegna vegtenginga landspildnanna Nes 1, 2 og 3 sem stofnaðar hafa verið úr landi Framness. Í skeyti frá Vegagerðinni kemur fram að hún muni ekki leggja gegn umbeðnum tveimur nýjum vegtengingum við Ásveg, sbr. lóðarblað, séu þær í samræmi við vilja hreppsnefndar Ásahrepps. Vegagerðin ítrekar að ef til frekari uppbyggingar kemur á svæðinu verði að notast við þær tvær tengingar sem sýndar eru á uppdrættinum sem Efla hefur unnið þann 15. apríl 2020 og eigendur aðliggjandi jarða hafa staðfest landamerki með undirritun sinni. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að heimila fyrir sitt leyti þessar tvær vegtengingar sem koma fram á uppdrætti, Framnes L165278, Ásahreppi – Landskipti.
- 6. Drög að endurskoðuðum samstarfssamningi um sameiginlegan seyrurekstur.**
Lögð fram drög að endurskoðuðum samstarfssamningi um sameiginlegan seyrurekstur. Hreppsnefnd Ásahrepps hefur engar athugasemdir við fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi og samþykkir hann samhljóða fyrir sitt leyti.
- 7. Málefni Ásaljóss. (engin útsend fundargögn)**
Umræða varð um breytingu á línugjaldi sbr. 5. dagskrárlið á 22. fundi hreppsnefndar Ásahrepps. Þar var samþykkt lækkun línugjalds úr kr. 3.000 í kr. 1.500 á mánuði. Í ljós hefur komið að þessi lækkun skilar sér ekki til notenda þar sem þjónustuaðilar hafa

sína eigin verðskrá sem er óháð ákvörðun hreppsnefndar sem er að leigja línur frá Ásaljósi í heildsölu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að breyta verðskrá aftur í fyrra horf og mánaðarleg áskrift þjónustuaðila að ljósleiðarakerfi Ásaljóss verði kr. 3.000 á mánuði frá 1. september 2020.

Sveitarstjóri upplýsti um að flytja hafi þurft til ljósleiðara sem liggur um Landvegamót, þar sem framkvæmdir eiga sér stað þessa dagana við uppbyggingu hringtorgs. Í samningum við Vegagerðina vegna lagningar ljósleiðara í veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar kemur fram að ef nauðsynlegt er að flytja til lagnir í veghelgunarsvæði vegna vegaframkvæmda, verði eigandi viðkomandi lagna að flytja þær til á sinn kostnað. Búið er að framkvæma flutning á ljósleiðaranum og tókst það vel til.

8. Staða verkefna á vegum Ásahrepps. (engin útsend fundargögn)

Oddviti gerði grein fyrir stöðu verkefna á vegnum Ásahrepps, s.s. fegrunarátak, stikun göngustíga á Holtamannafrétti, lagningu slitlags á fimm heimreiðar og útskipting ljósakúpla vegna bæjarlýsingar.

Búið er að leggja slitlag á fimm heimreiðar sem ekki tókst að klára á síðasta ári. Um er að ræða heimreiðar að Einhamri, Ráðagerði, Syðri-Hömrum 5, Skógarási og Reiðholti. Rafverkstæði Ragnars mun byrja á útskiptingu ljóskúplanna í næstu viku. Öll ljósin eru komin á verkstæði Ragnars.

Samkvæmt upplýsingum um verkefnisstjóra fegrunarátaksins, þá hafa 72 aðilar skráð sig sem þátttakendur verkefnisins og þar af 5 nýbýli.

Samkvæmt upplýsingum frá Tómasi Þ. Tómassyni, þá er búið að stika gönguleiðirnar sem styrkur hlaust til frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Eftir er að setja upp upplýsingaskilti við bílastæði og ganga frá og afmarka bílastæði.

9. Innsend bréf og erindi:

9.1. Tölvuskeyti Péturs Davíðssonar, dags. 6. ágúst 2020; lögmæti sameiningar sveitarfélaga (þingmál nr. 391) ásamt minnisblaði LEX lögmanna.

Lagt fram tölvuskeyti Péturs Davíðssonar ásamt minnisblaði frá LEX lögmönnum um lögmæti lagasetningar um sameiningu sveitarfélaga.

Óskar Pétur eftir afstöðu Ásahrepps til þess að standa sameiginlega að framlögðu minnisblaði sem sent yrði á þingnefnd og ráðuneyti.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að taka ekki þátt í þessu máli (samþykkt af ÁBÓ, BJJ, EG og ES en einn situr hjá KÖ).

9.2. Tölvuskeyti Birtu Á. Bergsteinsdóttur, dags. 12. ágúst 2020; leikskólavist barna. Lagt fram tölvuskeyti Birtu Á. Bergsteinsdóttur sem á lögheimili í Hrúti 2, þar sem óskað er eftir að Ásahreppur greiði framlag vegna leikskólavistar í leikskóla í Reykjavík. Um er að ræða fjögur börn.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar hreppsnefndar.

9.3. Tölvuskeyti Sturlaugs Tómassonar, dags. 8. ágúst 2020; Röðull, deiliskipulag. Lagt fram tölvuskeyti Sturlaugs Tómassonar þar sem fram kemur að deiliskipulag Röðuls hafi ekki verið auglýst í B-deild stjórnartíðinda eftir að sveitarstjórn hafði samþykkt það árið 2006 – 2007. Nauðsynlegt er því að auglýsa aftur umrætt deiliskipulag og gera breytingar á skýringum í samræmi við gildandi lög.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að kosta umrædda vinnu og auglýsingu deiliskipulagsins þar sem lögbundnum verkferlum var ekki lokið af hendi sveitarfélagsins á sínum tíma.

- 9.4. Tölvuskeyti Krafts stuðningsfélags, dags. 11. ágúst 2020; styrkbeiðni
Lagt fram tölvuskeyti Krafts stuðningsfélags þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna þakkauglýsingar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita Krafti styrk að upphæð kr. 10.000.
- 9.5. Bréf Hjartaheilla, móttakið 23. júní 2020; styrkbeiðni.
Lagt fram bréf Hjartaheilla þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við útgáfu Velferðar, blaðs Hjartaheilla.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita Hjartaheill styrk að upphæð kr. 10.000.

10. Bréf og erindi til kynningar:

- 10.1. Tölvuskeyti Samgöngustofu, dags. 12. júní 2020; Umferðaping 16. nóvember 2020.
- 10.2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. júní 2020, ásamt afriti af bréfi ráherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála; fasteignaskattsálagning 2021.
- 10.3. Bréf félags- og barnamálaráðherra dags. 22. júní 2020; aukið félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk.

11. Næsti fundur hreppsnefndar.

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn miðvikudaginn 16. september 2020 kl. 8:30.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:15.

Ásta B. Ólafsdóttir
Brynja J. Jónasdóttir
Egill Sigurðsson
Elín Grétarsdóttir
Valtýr Valtýsson


Karl Ölvísson

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson



Undirritað af:
Valtýr Valtýsson
2210602379
Dags: 19.08.2020
Tími: 11:11:52
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af9f1ca8-
fd72-4594-9614-
618e0b97c039

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir



Undirritað af:
Ásta Berghildur
Ólafsdóttir
2611635789
Dags: 19.08.2020
Tími: 11:08:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af9f1ca8-
fd72-4594-9614-
618e0b97c039

hreppsnefndarfulltrúi
Brynja Jóna Jónasdóttir



Undirritað af:
Brynja Jóna
Jónasdóttir
1101634609
Dags: 19.08.2020
Tími: 11:06:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af9f1ca8-
fd72-4594-9614-
618e0b97c039

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson



Undirritað af:
Egill Sigurðsson
0206592389
Dags: 19.08.2020
Tími: 11:07:50
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af9f1ca8-
fd72-4594-9614-
618e0b97c039

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir



Undirritað af:
Elín Grétarsdóttir
0307725559
Dags: 19.08.2020
Tími: 11:05:34
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af9f1ca8-
fd72-4594-9614-
618e0b97c039